



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 29. apríl 2021
nr. erindis 2104127 SIS

Á 964. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 28. apríl 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 15. apríl 2021 frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.

Byggðarráð fagnar því að virkjunarkostir í vindorku séu fyrir alvöru komnir inn á borð stjórnarsýslunnar í landinu enda ljóst að á margan hátt getur vindorka farið vel saman með virkjun vatnsafls á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Byggðarráð telur að núverandi lagarammi, t.d. skipulagslög, lög um umhverfismat áætlaða, náttúruverndarlög o.fl., tryggi að gætt verði til hins ýtrasta að umhverfissjónarmiðum þegar virkjun vindorku kemur til álita. Byggðarráð leggur því áherslu á að ekki verði gengið of langt í þeim efnum að takmarka fyrirfram nýtingu vindorku á Íslandi. Nauðsynlegt er að orkukostir sem tryggð geta dreifðum byggðum vítt og breitt um landið aðgang að tryggri raforku verði skoðaðir á faglegan og vandaðan hátt.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri  Skagafjörður
Sveitarstjóri